



Helga Melkorka Óttarsdóttir er framkvæmdastjóri LOGOS. Hún segir að þær breytingar sem verða í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna vera einhverjar mestu breytingar á verkefnum og starfsumhverfi lögmanna frá aldamótum. #metoo-byltingin leysti úr læðingi krafta sem verða ekki fjötraðir að nýju.

GUNNAR DOFRI ÓLAFSSON
gunnar@vb.is

Vélar verða seint lögfræðingar





Sjálfvirknivæðingin hefur áhrif á verkefni og starfsumhverfi lögmanna eins og annarra.

VB MYND/HAG

að starfa hjá okkur. En svo eru margir lögfræðingar sem útskrifast á hverju ári," segir Helga Melkorka, sem bendir á að rúmlega 50 lögfræðingar séu skráðir atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun, næstfjölmennasti hópur háskólamenntaðra á þeim lista á eftir viðskiptafræðingum. „Ég hitti finnsk-an lögmann fyrir nokkrum dögum og ræddi við hann þessar hlutfallstölur löglærðra miðað við íbúafjölda. Hann sagði að það væri afar hár þröskuldur úti til að komast inn í námið og svo væru mjög miklar kröfur gerðar í náminu, en ég tel reyndar að miklar kröfur séu gerðar í laganámi á Íslandi.“

Ég velti fyrir mér hvort við séum að mennta of marga lögfræðinga.

„Ég veit ekki alveg af hverju þetta er. Það hlýtur að vera einhver hættu á að það sé verið að útskrifa of marga lögfræðinga þegar litid er til þessara talna um atvinnuleysi. Það er líka svo hart að taka fimm ár eða meira af sínu lífi að læra eitthvað og fá ekki vinnu þar sem menntunin nýtist," segir Helga Melkorka, orð sem enduróma niðurstöður Viðskiptaráðs Íslands um minnkandi ábata af háskólamenntun og hægari fjölgun starfa fyrir háskólamenntaða miðað við fjölda útskrifaðra. Hún segir engu að síður að tilkoma lagadeildar Háskólans í Reykjavík hafi á sínum tíma verið mikið heillaspur fyrir lagadeild Háskóla Íslands. „Það er alveg sama í hverju maður er að það er erfitt að vera einn og hafa engan í samkeppni. Þá þarf maður ekki að velta fyrir gert hlutina betur og öðruvísi," segir Helga Melkorka.

Miklar breytingar á sautján ára ferli

Helga Melkorka segir að töluverðar breytingar hafi orðið á lögmenns-störfunum undir lok síðustu ald-

Óheppilegur órói kringum Landsrétt

● Haft var eftir Vilhjálm H. Vilhjálmssyni lögmanni í kvöldfréttum RÚV á sunnudaginn að hann hygðist krefja skaðabóta yrði umbjóðandi hans sakfelldur fyrir Landsrétti. Lögmaðurinn styður þessa kröfu þeim rökum að einn dómara í málinu hafi ekki verið meðal fimmtán efstu að mati hæfnisnefndar við skipun í Landsrétt og væri dómari þvi ekki handhafi dómvalds.

Helga Melkorka segir miður hvernig umræðan um Landsrétt hefur verið því stofnun millidómstígs hafi verið löngu tímabær í íslensku réttarkerfi. „Mér finnst afskaplega óheppilegt að þessi órói hafi í orðið kringum skipun Landsréttardómara. Stofnun dómstólsins er svo stórt skref en það er vont að það skyldi spílast svona úr þessu. Þetta rót er mjög óheppilegt," segir Helga Melkorka og rifjar í því samhengi upp að Hæstiréttur ætla að taka fyrir mál þar sem beiðni um áfrýjun var sett fram með vísan til þess að meðal dómara í málinu fyrir Landsrétti hefði verið dómari sem ekki væri með réttu handhafi dómvalds með því að skipun viðkomandi í embætti hefði ekki verið lögum samkvæm. Málið er það fyrsta sem kemur til meðferðar Hæstaréttar eftir þær breytingar sem tóku gildi í byrjun árs þegar Landsréttur tók til starfa. „Það verður áhugavert að sjá hvað kemur út úr því.“

ar. „Kannski rétt áður en ég kem inn í lögmennsku. LOGOS verður til eftir sameiningu tveggja stofa árið 2000. Um það leyti varð hér á landi til fyrirtækjalögfræði eins og við þekkjum hana í dag. Þá var farið að huga að fleiri atriðum í viðskiptasamningum – ekki að það hafi ekki verið gerðir samningar áður, það var bara farið að huga að fleiri þáttum. Þjónusta við viðskiptalífid var áður ekki eins skýrt skilgreind. Regluverk hefur líka breyst mikið á undanförunum árum og verður flóknara og flóknara. Það þarf að huga að svo mörgu í starfsemi sem maður hefði kannski haldið að væri ekkert voðalega flókin. Núna eru hins vegar að verða miklar breytingar vegna tækni. Það er mjög margt sem breytist í þessu umhverfi, bæði í starfsumhverfinu og aðferðafræðinni en líka í starfsemi fyrirtækjanna sem við vinnum fyrir. Þá eru allskonar álitaefni sem kannski voru ekki til áður.“

Í þessu samhengi berst talið að því sem framundan er og þeim áhrifum sem aukin sjálfvirkni kundi að hafa

á störf lögmanna, bæði viðfangsefni þeirra og starfsumhverfi.

Helga Melkorka er þeirrar skoðunar að störf og starfsumhverfi lögmanna gangi nú í gegnum samþæfingar breytingar og aðrar greinar með tilkomu aukinnar sjálfvirkni. „Þetta hefur verið kallað því skemmtilega orði „straumhvörf“ á íslensku. Tæknin sem maður getur nýtt sér er til dæmis þannig að á ákveðnum sviðum er hugbúnaður sem getur gert áreiðanleikakannan þetta fyrir alvöru og verður bara betra og betra með tímanum því þetta er „self learning“ hugbúnaður. Þessu er kannski ekki treyst 100% ennþá en verður bara betra og betra," segir Helga Melkorka.

Eruð þið þá kannski á þeim stað að vilja ráða til ykkar forritara?

„Það hefur komið til tals. Enn sem komið er höfum við þó ekki stigið það skref. Tungumálið er líka oft þröskuldur. En til dæmis væri í ýmsum tilfellum hægt að útbúa drög að hluthafasamkomulagi sjálfvirk.

Þá er þetta gagnagrunnur þar sem þú slærð inn grunnstærðir eins og fjölda hluthafa, hvers konar starfsemi félagið er í, hvort það eigi að vera forkaupsréttur og svo framvegis. Út kemur svo skjal sem hefur að geyma þau ákvæði sem óskað var eftir miðað við viðkomandi starfsemi.“ Þetta gæti haft í för með sér miklar breytingar á lögmennsstarfinu.

„Maður sér ekki ennþá að þetta hafi beint í för með sér þörf fyrir minni mannskap en þetta mun hafa ýmis áhrif. Lögfræðilega eru líka mjög áhugaverðar spurningar í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna. Á til dæmis að skattleggja vélmenni? Þetta er næstum því heimspekilegt. Við erum í miklum samskiptum við kollega okkar erlendis og fylgjumst með því sem þar er að gerast. Maður sér að það er hvergi búid að skipta út lögfræðingum fyrir vélmenni og hugbúnað. Þetta er íhaldssöm grein og það eru ákveðin atriði sem, gervigreindin nær ekki ennþá utan um, hlutir eins og dómgreind og réttlæti. Það eru spurningar um hvort sjálfkeyrandi bill á til dæmis frekar að keyra á gamla manneskju en barnið og svo margt fleira. Þeir sem hafa mesta trú á þessu segja að sá dagur komi að það verði búid að forrita þetta," segir Helga Melkorka. „En í til að mynda samningagerð og við úrlausn deilumála er svo margt sem þarf að huga að sem tekur sérstaklega mið af aðstæðum í tilteknu máli.“

Hún segir marga í stétt lögmanna sjá hver þróunin er en vegna sérstaks eðlis lögmennsstarfsins, þar sem margir starfa sem einyrkjar, er erfitt nema fyrir þá allra stærstu að notfæra sér tæknina að svo stöddu. „Við hins vegar fylgjumst mjög vel með. Okkur er til dæmis reglulega boðinn allskonar hugbúnaður sem við setjum okkur inn í því það er mjög mikilvægt að vita hvað er í boði.“